




# Öndunarfærasýkingar

Vika 52 árið 2022


Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir

## Inflúensa


Svipaður fjöldi greindist með inflúensu síðastliðna viku samanborið við vikuna á undan (Mynd 1). Samtals greindust 65 einstaklingar, þar af 61 með inflúensustofn A(H1) pdm09, þrír með stofn A(H3) og einn með stofn B. Þetta eru rannsóknir frá rannsóknarstofu. Áfram greinast hlutfallslega flestir á aldrinum 0–4 ára og 65 ára og eldri og er það í samræmi við undanfarin inflúensutímabil (Mynd 2). Fjöldi með inflúensulík einkenni, sem eru klínískar greiningar á öndunarfæraeinkennum skráðar í sjúkraskrá, var einnig svipaður á milli vikna (Mynd 3).



Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum. Veturinn 2022–2023 til og með viku 52.




Mynd 2. Fjöldi á 100.000 íbúa með staðfesta influensu eftir aldri. Veturinn 2022–2023 til og með viku 52.



Mynd 3. Fjöldi með influensulík einkennum samanborið við meðalfjölda flensutímabils 2015–2022

## COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Heldur færri greindust með COVID-19 síðastliðna viku miðað við vikuna á unda, eða 183 einstaklingar (Mynd 4). Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna er svipað og hefur verið eða að meðaltali 30%, sem endurspeglar hverjir fara í sýnatöku en gefur einnig til kynna að dreifing í samfélaginu sé meiri.




Mynd 4. Fjöldi COVID-19 greininga eftir vikum

## RSV og aðrar öndunarferasýkingar

Áfram greinist nokkur fjöldi með RS-veiru. Í viku 51 greindust 32 einstaklingar og er það mesti fjöldi sem greinst hefur á einni viku það sem af er vetri. Í viku 52 greindust 28 einstaklingar með RSV. RSV veldur yfirleitt vægum veikindum en getur valdið alvarlegum veikindum eins og lungnabólgu hjá ungum börnum og fólki eldra en 65 ára. Ekkert bóluefni eða lyf er til gegn RSV. Líkt og undanfarnar viku var einnig mikið um greiningar á öðrum öndunarferaveirum s.s. Rhinoveiru, Adenoveiru, Enteroveiru, Parainflúensu og kórónuveirum öðrum er SARS-CoV-2, og Metapneumóveiru (hMPV), sjá töflu á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

## Skarlatssótt


Undanfarið hefur orðið aukning í klínískum greiningum á skarlatssótt, hálsbólgu og einnig eyrnabólgu umfram það sem sést í meðalári (Mynd 5). Streptókokkar flokkur A geta valdið skarlatssótt. Þessi baktería eru einnig orsök streptókokka [hálsbólgu](#). Streptókokkar í flokki A smitast með dropum frá öndunarvegi og beinni snertingu. Einkennin geta verið lík veirusýkingu en streptókokkar eru bakteríusýking sem algeng sýklalyf virka gegn. Nokkur börn og fullorðnir hafa lagst inn á sjúkrahús undanfarnar vikur vegna ífarandi streptókokka, sem eru alvarlegri sýkingar. Stundum kemur bakteríusýkingin í kjölfar fyrri veirusýkingar. Bólusetningar gegn veirusýkingum, almennar sóttvarnir og hreinlæti minnka líkur á smiti.



Mynd 5. Uppsafnaður fjöldi greininga á skarlatssótt eftir árum. Árið 2022 til og með viku 52.

## Innlagnir á sjúkrahús

Fjöldi innlagna með inflúensu og RSV og með eða vegna COVID-19 var svipaður á milli vikna (Mynd 6). Innlagnir voru algengastar í elstu aldurshópnum með COVID-19 og inflúensu en í yngstu aldurshópnum vegna RSV. Fimmtán einstaklingar eru nú inniliggjandi á Landspítala með COVID-19, enginn á gjörgæslu.



Mynd 6. Fjöldi innlagna á Landspítala vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir vikum og aldri, vika 40–52.

## Samantekt

Færri greindust með öndunarfærasýkingar í liðinni viku samanborið við vikuna á undan. Fjöldi þeirra sem lagðist inn vegna eða með þessa sjúkdóma var svipaður á milli vikna. Klínískar greiningar benda til hærri tíðni öndunarfærasýkinga en í venjulegu ári.

## Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra.

Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna handhreinsun.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

